

# Professional P6

## Akrýlmálning, innan- og utanhúss

### Efnislýsing

Professional P6 er vatnspynnaleg, slitsterk, mött akrýlmálning með góða öndunareiginleika og veðurþolið yfirborð. Hún er ætluð til notkunar innanhúss á grunnmálaða spartlaða fleti í nýbyggingum eða til almennrar endurmálunar. Professional P6 hentar einnig utanhúss á steinsteypa fleti (athugið að á múrklæðningar skal nota steinsílanmálningu, þ.e. Murtext Siloxane eða Alphaloxan Flex).

### Meðhöndlun

#### Málun utanhúss

- Við málun utanhúss á nýjan múr næst bestur árangur með því að grunna með Mur-Silan (monosílan) vatnsfælu og grunna síðan með Professional Microdispers eða Alpha Aquafix Opaque. Sprungur og viðgerðir skal fylla með sementsviðgerðarefnum. Málið síðan tvær umferðir af Professional P6.
- Við endurmálun utanhúss skal þvo og hreinsa flötinn vandlega með háþrýstipvotti, láta flötinn þorna vel og mála síðan tvær umferðir af Professional P6.

*\*Sjá einnig verklýsingarblöð um málun á steinsteypu og vatnsbrettum á heimasíðu SérEfnis.*

#### Málun innanhúss

- Spartlið eftir þörfum. Á ómáluðum flötum næst bestur árangur með því að grunna eina umferð af Professional Microdispers eða Professional Grund+ og mála síðan eina til tvær umferðir af Professional P6.
- Áður málaða fleti skal þvo með Original Málartvätt og vatni. Gljáandi fleti skal slípa matta til að tryggja góða viðloðun. Málið síðan eina til tvær umferðir af Professional P6. Þvegna kalkmálaða fleti, sem og annað lausbundið undirlag, skal grunna með Professional Microdispers áður en málað er.

### Heilsufars- og umhverfismál

Við þússun eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir eða gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal vinna í vel loftræstu rými. Notið hlífðarbúnað (öndunargrímur) ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Lokið dósinni vandlega. Þrífrið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.



### Tæknilegar upplýsingar

**Til notkunar:** Innan- og utanhúss  
**Bindiefni:** Akrýl  
**Gljástig:** Matt 6%  
**Þurrktími:** U.þ.b. 2 klst.  
**Yfirmálun:** 6 klst.  
**Lágmarkshiti við málun:** +5°C  
**Rakastig:** 40-80%, kjörrakastig 65%  
**Þynning:** Vatn  
**Verkfæri:** Penslar, rúllur, málingarsprautur  
**Þekja:** 6-9 fermetrar pr. lítra  
**Pakkningar:** 2,5 og 10 lítra dósir  
**Litir:** Allir litir  
**Hreinsun:** Sápuvatn  
**Geymsla:** Í frostfríu rými  
**Rokgjörn lífræn efni (VOC (fl. A/a) 30 g/l.):**  
Inniheldur mest 1 g/l.

Þessi lýsing á við hvítan lit. Gildin geta verið önnur fyrir aðra liti.

